

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga nr. 1230/2005.

#### 1. gr.

57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:
1. *Bæjarráð*. Þrjú bæjarfulltrúa sem aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
- B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnarnefnd Suðurnesja*. Einn aðalmann og einn til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
  2. *Barnaverndarnefnd*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara í sameiginlega nefnd Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
  3. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin starfar á sviði skipulags- og byggingarmála, umferðamála og veitumála.
  4. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin vinnur að umhverfis- og náttúruverndarmálum ásamt minjavernd. Við störf sín skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda hverju sinni um umhverfis- og náttúruverndarmál og fornminjar.
  5. *Heilbrigðisnefnd Suðurnesja*. Einn fulltrúa og einn til vara samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
  6. *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
  7. *Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum*. Einn aðalmann og einn til vara skv. 5. gr. samþykktar S.S.S. frá 1986.
  8. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með málefni bókasafns, grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, sbr. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
  9. *Skólanefnd Fjölbautaskóla Suðurnesja*. Einn fulltrúa og annan til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, sjá og stofnsamning dagsettan í nóvember 1978.
  10. *Stjórn Dvalarheimila aldraðra*. Einn aðalmann og einn til vara skv. 18. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.
  11. *Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja*. Einn aðalmann og einn til vara, sbr. stofnsamning dagsettan í nóvember 1978.
  12. *Brunavarnir Suðurnesja*. Einn aðalmann og einn til vara skv. stofnsamningi.
  13. *Félagsmála- og jafnréttisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin fer með málefni félagsþjónustu og vímuvarna auk jafnréttismála, sbr. lög um félagsþjónustu

- sveitarfélaga nr. 40/1991 og lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
14. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með atvinnumál.
  15. *Íþróttá- og tómstundanevnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með málefni íþróttá, tómstunda og menningarviðburða.
  16. *Ferlinevnd fatlaðra á Suðurnesjum*. Einn aðalmannt og einn til vara, sbr. samþykkt Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá desember 1988.
  17. *Fulltrúar á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Tvo aðalmenn og tvo til vara, sbr. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.
  18. *Forðagæsla*. Einn búfjárefntirlitsmann og einn til vara skv. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
  19. *Skodunarmenn*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar).
  20. *Ungmennaráð*. Fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Gerir tillögur til bæjarstjórnar um málefni ungmenna. Er skipað samkvæmt samþykktum um ungmennaráð.
  21. *Öldungaráð*. Fimm fulltrúa og jafnmargir til vara. Gerir tillögur til bæjarstjórnar um málefni eldri borgara. Er skipað samkvæmt samþykktum um ráð eldri borgara.
  22. *Náttúruverndarnevnd*. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir í sameiginlega nefnd sveitarfélaganna, sbr. lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
  23. *Þjónustuhóp aldraðra*. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir í þjónustuhóp aldraðra samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna þar um, sbr. lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.

2. gr.

71. gr. samþykktarinnar fellur brott.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2006.*

F. h. r.

**Sesselja Árnadóttir.**

---

*Stefanía Traustadóttir.*